AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu reglna um þjóðernis- og skrásetningarmerki íslenskra loftfara, nr. 176/1983.

1. gr.

Grein 2.1. skal hljóða svo: Þjóðernis- og skrásetningarmerki skulu sett saman úr röð bókstafa eða tölustafa.

Grein 2.4. skal hljóða svo: Skrásetningarmerkið skal vera röð þriggja bókstafa eða tölustafa, sem skrásetjari loftfara hefur úthlutað loftfarinu. Óheimilt er að blanda saman tölustöfum og bókstöfum í skrásetningarmerki annarra loftfara en loftfara án útgefins tegundarskírteinis.

Í grein 4 eftir fyrirsögn skal málsliðurinn vera: Bókstafir eða tölustafir í hverri einstakri merkjaröð skulu vera jafnir að stærð.

Eftirfarandi málsliður bætist við grein 5.1.: Tölustafir skulu vera arabískir tölustafir án útflúrs.

Grein 5.2. skal hljóða svo: Breidd sérhvers stafs, nema bókstafsins I og tölustafsins 1, svo og lengd bandstriksins, skal vera tveir þriðju hlutar hæðar stafsins.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 145. gr., sbr. 9. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 591 20. júlí 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Fossland.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 22. maí 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Eyrarlands. Skipulagssvæðið fær nafnið *Fossland* og þar er gert ráð fyrir 5 íbúðarhúsum.

Brúnahlíð.

Þá hefur sveitarstjórn með vísan til sömu laga samþykkt þann 26. júní 2001 deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Brúarlands. Skipulagssvæðið fær nafnið *Brúnahlíð* og þar er gert ráð fyrir 8 íbúðarhúsum.

Uppdrættir og skipulagsskilmálar hafa fengið þá meðferð sem fyrrgreind lög segja fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 20. júlí 2001.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.